

116. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn þriðjudaginn 30.06. 2015, kl. 20.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Anton Ragnarsson formaður,  
Þóra Olsen,  
Heiðar Magnússon,  
Gísli Bjarnason,  
Alexander F. Kristinnsson,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 20.04. 2015, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 115. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 373 dags. 19.03., nr. 374 dags. 20.04. og nr. 375 dags. 29.05. 2015. Lagt fram til kynningar.
3. Norðurtangi 5, Ólafsvík, stækkun og endurbætur. Hafnarstjóri sagði frá gangi mála en verklýsing og teikningar eru að verða tilbúin. Þá kynnti hafnarstjóri teikningar þ.e. grunnteikningu og útlitsteikningar og tillögu að utanhússklæðningu bæði efni og lit. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn. Samþykkt samhljóða.
4. Ársreikningur hafnarsjóðs árið 2014. Hafnarstjóri kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu liði hans. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.45

Anton Ragnarsson formaður.  
Þóra Olsen.  
Heiðar Magnússon.  
Gísli Bjarnason.  
Alexander F. Kristinnsson.  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.